

4. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, haldinn þriðjudaginn 1. júní á Kaffi Sel og hófst hann kl: 18:00

Fundinn sátu: Nói Mar Jónsson, formaður. Einnig sátu fundinn: Birgir Valur Thorsteinson, Hjörný Karlsdóttir, Valdís Una Guðmannsdóttir, varaformaður og Una Bóel Jónsdóttir sem skráði fundargerð.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Kynning á fundinum
2. Stærstu málefni vetrarins rædd

Forvarnarfræðsla:

Ungmennaráð ræddi um forvarnarfræðslu í grunnskólanum og hvernig hún er ekki fullnægjandi. Ungmennaráð vill ýta við aukningu á forvarnafræðslu í grunnskólanum og hafa hana reglulega því til að forvarnafræðsla virki þá þarf stöðugleika, það þarf að hamra á fræðslu stöðugt. Þetta tengist barnvænu samfélagi.

Hugmyndir um forvarnafræðslur sem að ungmennaráði finnst að ætti að vera á hverju ári:

- Fíkniefnafræðsla og áfengi
- Andleg heilsa → Auka aðgengi að upplýsingum.

Jafningjafræðsla: Ungmennaráð ræddi um jafningjafræðslu í grunnskólum og ræddi um SASS. Ungmennaráði finnst jafningjafræðsla sniðugt tól til að tala um ákveðin umræðuefni.

Körfuboltavöllurinn:

Ungmennaráð vill gera körfuboltavöllinn að öruggari stað þar sem hann er mikið notaður. Tillögur ungmennaráðs:

- Fá annan grunn í stað malbiks. Sjá til hliðsjónar völl frá Sport Cort (betrireykjavik.is) <https://betrireykjavik.is/post/7062> .

Heilsuvika:

Á þessum tímapunkti er ungmennaráð ekki reiðubúið að framkvæma hátíðina en það er meira en til í að hjálpa ef hátíðin væri framkvæmd. Einnig finnst ungmennaráði nauðsynlegt að vera í meira sambandi við sveitastjórn og aðrar nefndir varðandi framgang hátíðarinnar.

Annað:

Félagsmiðstöðin Zero: Ungmennaráð talaði um mikilvægi félagsmiðstöðvarinnar.

Fundi slitið 19:45